

## **Reglur um gáma, báta og aðra lausafjarmuni í Sveitarfélaginu Hornafirði**

### **1. gr.**

Markmið þessara reglna er að tryggja að öllum öryggis- og hollustukröfum sem tilheyra lausafjarmunum sé uppfyllt, að brunavarnir séu fullnægjandi, og að lausafjarmunir skapi ekki óþægindi fyrir nágretta. Einnig að taka afstöðu til lausafjarmuna á einstökum landnotkunarsvæðum innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

### **2. gr.**

Með lausafjarmunum í reglum þessum er átt við gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smiðum sem ætlað er til flutnings, hjólhýsi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og stór samkomutjöld, sbr. 1.mgr. 2.6.1.gr. byggingarreglugerðar 112/2012.

Fyrir staðsetningu lausa bygginga sem ekki eru skilgreint hér að ofan, og falla ekki undir byggingarleyfisskyldu skal afla samþykkis umhverfis- og skipulagsnefndar.

### **3. gr.**

Lausafjarmuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað.

Ekki er heimilt að staðsetja lausafjarmuni við lóðarmörk, nema með samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Eigandi eða ábyrgðarmaður viðkomandi lausafjarmunar er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna lausafjarmuna.

### **4. gr.**

Sækja skal um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa til að láta lausafjarmuni sem getið er í 1.mgr. 2.gr. standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna, sbr. 2.6.1.gr. byggingarreglugerðar 112/2012.

Stöðuleyfi eru veitt til allt að 12 mánaða og verða ekki gefin út aftur fyrir sömu lausafjarmuni á sömu landeign nema með samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar. Umsóknar verða metnar m.t.t.: landnotkunar, útsýnis, skuggavarps, innsýnar, öryggis og hávaða.

### **5. gr.**

Heimilt er að staðsetja lausafjarmuni án stöðuleyfa innan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu þeirra að fengnu samþykki lóðarhafa. Með skipulögðu svæði er átt við að gerð sé grein fyrir þessum lausafjarmunum í aðal- eða deiliskipulagi eða á lóðaruppdrætti sem fengið hefur samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar. Slík svæði er heimilt að skilgreina á lóðaruppdráttum fyrir landeignir á landbúnaðarsvæðum, athafnarsvæðum, hafnarsvæðum, efnistökusvæðum, iðnaðarsvæðum, íþróttasvæðum og fyrir laus salernishús á ferðamannastöðum í dreifbýli. Á öðrum svæðum gilda ákvæði 4.gr.

Samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar skv. þessari grein gildir til allt að 5 ára. Eftir þann tíma skal eigandi eða ábyrgðarmaður lausafjarmuna sækja um endurnýjun samþykkis.

### **6.gr.**

Tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar, teljast til mannvirkja og eru almennt byggingarleyfisskyld sbr. 9. gr. laga um mannvirki. Einstök mannvirki geta þó verið undanþegin byggingarleyfi samkvæmt ákvæðum 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar 112/2012.

#### **7.gr.**

Greiða skal gjöld fyrir stöðuleyfi skv. gjaldskrá fyrir þjónustu embættis byggingarfulltrúa. Innheimta gjaldsins er bundin við það að umsókn um stöðuleyfi hafi borist og leyfið verið gefið út.

Sé óskað eftir stöðuleyfi fyrir fleiri en einn lausafjármun á sömu lóð er gert ráð fyrir að gefið sé út eitt stöðuleyfi óháð fjölda lausafjármuna.

#### **8.gr.**

Sé ekki sótt um stöðuleyfi fyrir lausafjármuni sbr. 4.gr. skal byggingarfulltrúi krefja eiganda eða ábyrgðarmann lausafjármuna um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frest en einn mánuð. Sé það ekki gert er byggingarfulltrúa heimilt að fjarlægja þá á kostnað eiganda eða beita dagsektum sbr. 56.gr. laga um mannvirki 160/2010.

Sama gildir þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í 2.6.1.gr. byggingarreglugerðar 112/2012 eða önnur skilyrði stöðuleyfis og sinnir ekki úrbótum.

#### **9.gr.**

Reglur þessar eru settar með vísan í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum, og 9.tl. 60.gr. laga um mannvirki 160/2010 með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

*Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 15. júní 2023.*

*Sigurjón Andrésson  
bæjarstjóri*